

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

31.10.2019
2019-01-641/0.11.2

Efni: Umsögn um textadrög varðandi áherslur í lagafrumvarp um þjóðgarð

Landsnet vísar til auglýsingar á samráðsgátt stjórnvalda um textadrög þverpólítískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu varðandi áherslur í lagafrumvarp um þjóðgarð (mál nr. 253/2019). Landsnet hefur í fyrri umsögnum gert athugasemdir við að ekki sé fjallað um flutningskerfi raforku innan fyrirhugaðs þjóðgarðs. Um er að ræða afar mikilvæga grunninnviði í raforkukerfi landsins, sem gera þarf ráð fyrir þegar mótuð er stefna um miðhálandisþjóðgarð.

Í III. kafla textadraganna er fjallað um starfsemi í þjóðgarðinum, landnýtingu og þjónustu, þ.á m. orkunýtingu, en um hana segir:

- Að heimilt verði að starfrækja innan Miðhálandisþjóðgarðs þær virkjanir sem eru í rekstri við stofnun hans.
- Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.
- Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
- Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.

Í punkti þrjú er vikið að orkudreifingu sem Landsnet gerir ráð fyrir að innifeli flutning raforku þótt orðalagið samræmist ekki hugtakanotkun raforkulaga. Þar er lagt til að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis um orkunýtingu og orkudreifingu og að tekið verði tillit til þeirra í frumvarpi um þjóðgarð. Landsnet lítur svo á að þarna sé a.m.k. vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi, sbr. 39. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003. Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku er vikið að ýmsum atriðum sem lúta að uppbyggingunni. Í stefnunni er m.a. kveðið á um að tryggja beri að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum og að styrking og uppbygging flutningskerfisins skuli miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá er í þingsályktuninni kveðið á um að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið.

Landsnet bendir hins vegar á að fyrirtækið gefur árlega út á grundvelli raforkulaga kerfisáætlun sem samþykkt er af Orkustofnun og hefur m.a. stöðu gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Áætlunin felur annars vegar í sér langtímaáætlun varðandi þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum og hins vegar framkvæmdaáætlun sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu á næstu þremur árum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessarar áætlunargerðar og skapað svigrúm til styrkinga á flutningskerfinu í samræmi við langtíma stefnumörkun hennar. Allar sviðsmyndir kerfisáætlunar varðandi það markmið að tryggja sem jafnast aðgengi landsmanna óháð búsetu að hreinni endurnýjanlegri orku fela í sér að framtíðarmannvirki flutningskerfisins munu að einhverju leyti liggja innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs. Ábyrg nýting orkumannvirkja og aðstæður fela í sér að hægt sé að koma raforku á milli landsvæða.

Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku tekur eðli máls samkvæmt ekki á rekstri og stöðu núverandi mannvirkja. Mikilvægt er að tekin sé afdráttarlaus afstaða til stöðu þeirra flutningsvirkja sem kunna að verða innan marka Miðhálandisþjóðgarðs, með sama hætti og gert er varðandi virkjanir í textadrogunum. Mikilvægt er að tryggt sé greitt aðgengi að slíkum grunninnviðum hvað varðar viðhald, viðgerðir og uppfærslur.

Í ljósi þessa leyfir Landsnet sér að leggja til eftirfarandi breytingar á orðalag III. kafla textadraganna um orkunýtingu:

- Að heimilt verði að starfrækja innan Miðhálandisþjóðgarðs þær virkjanir **og flutningsvirki raforku** sem eru í rekstri við stofnun hans.
- Að hægt verði að viðhalda og þróa núverandi orkuvinnslusvæði **og flutningsvirki raforku** innan þjóðgarðs.
- Að málefni orkunýtingar í þjóðgarðinum kallist á við áætlanir Alþingis **sem og aðrar lögbundnar opinberar áætlanir** um orkunýtingu og orkudreifingu, **þ.á m. þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og kerfisáætlun flutningsfyrirtækis raforku**, og tekið verði tillit til þeirra í frumvarpinu.
- Að orkuöflun vegna þjónustu og reksturs þjóðgarðsins verði leyfð.

Virðingarfyllst,



Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets hf.